


Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN	425. fundur skólanefndar VMA	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 4		

Dags.: 19.12.2017	Tími: 17:00-19:00	Staðsetning: Þrúðvangur	Fund boðaði: SHJ
-------------------	----------------------	-------------------------	------------------


Þátttakendur

Mættir:	Úr skólanefnd: Axel Grettisson, Karl Frímannsson, Kristín Halldórsdóttir, Preben Pétursson og Reynir B. Eiríksson, Anna María Jónsdóttir aðstoðarskólameistari, Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari, Sif Sigurðardóttir fulltrúi foreldra
Fjarverandi:	Ólafur Göran fulltrúi nemenda, Snorri Björnsson fulltrúi kennara


Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun - staðan og spá um afkomu ársins.
2. Nemendafjöldi og námsframboð á næstu önn
3. Samkomulag vegna kennslu í fjarnámi
4. Ráðningar og kennslumagn á næstu önn
5. Útskrift 21. desember
6. Ytra mat á vorönn 2018. VMA í úttekt
7. Sálfræðipjónusta á næstu önn
8. Önnur mál.
 - a. Hvað er spunið í opinbera vefi? Útkoma VMA
 - b. Fundagerðir kennarafundar í nóv og des lögð fram til kynningar

nr.	Fundargerð
1.	Fjárhagsáætlun - staðan og spá um afkomu ársins Í minnisblaði frá skólameistara og fjármálastjóra kemur fram að gert er ráð fyrir rekstrarafgangi á árinu 2017 þegar skuldir frá fyrra fjárhagsári hafa verið greiddar. Nánari gögn munu liggja fyrir í janúar þegar búið verður að fara yfir bókhald ársins og keyra laun fyrir desember. Eðlilegt staða er á innheimtu innritunargjalda fyrir næstu önn. Á fjárlögum fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir 1.641 þús. kr. framlagi á hvern nemanda.

Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN	425. fundur skólanefndar VMA	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 4		

	<p>Heildarframlög nema til skólans 1.681,5 millj. kr. en námu 1.610,8 millj. kr. árið 2017. Sértekjur skólans eru áætlaðar 105 millj. Aukningin á milli ára nemur 52 millj þrátt fyrir fækkun nemenda.</p> <p>Áætluð fækkun nemenda fyrir árið 2018 er 51 og heildarfjöldi nemenda verður því 960.</p>
2.	<p>Nemendafjöldi og námsframboð á vorönn 2018</p> <p>Skólameistari gerði grein fyrir að 102 nemar eru á útskriftarlista. Búið er að samþykkja 138 umsóknir en 80 nemendur sem voru í námi á haustönn 2017 verða ekki í námi á vorönn 2018. Eftir er að taka tillit til þeirra nemenda sem ekki stóðust námskröfur á haustönninni.</p> <p>Námsframboð verður óbreytt nema að því leyti að matreiðslunám verður aftur í boði og framhald í pípulögnum..</p>
3.	<p>Samkomulag vegna kennslu í fjarnámi á vorönn 2018</p> <p>Lagt var fram undirritað samkomulag milli stjórnenda og fulltrúa kennara um greiðslur fyrir fjarkennslu á vorönn 2018. Greiðslurnar eru óbreyttar frá fyrra samkomulagi.</p> <p>Skólanefnd áréttar mikilvægi þess að draga úr yfirvinnu í fjarkennslu eins og frekast er unnt og kennsla í fjarnámi fylli í starfshlutföll þar sem það er unnt. Skólanefnd undirstrikar að hagræðing verði í fjarnámi. Vert að flýta kennslumati í fjarnámi sem áætlað var á haustönn 2018 og framkvæma það á vorönn 2018.</p>
4.	<p>Ráðningar og kennslumagn á vorönn 2018</p> <p>Kennslumagn verður minna en verið hefur og einhverjir kennarar taka hluta af stöðu sinni með kennslu í fjarnámi.</p>
5.	<p>Útskrift 21. desember í Hofi</p> <p>Fimmtudaginn 21. desember n.k. verða 100 nemendur útskrifaðir frá skólanum. Athöfnin fer fram í Hofi og eru fulltrúar í skólanefnd velkomnir þangað.</p>
6.	<p>Ytra mat</p> <p>Ytri mat á skólanum verður í byrjun annar en síðast var matið framkvæmt árið 2012. Matsaðilar eru Védís Grönvold og Þórir Ólafsson frá Menntamálastofnun.</p> <p>Starfsfólk mun taka þátt í vinnu í rýnihópum og leggja þarfr fram gögn um skólastarfið og þróun þess.</p>
7.	<p>Sálfræðipjónusta</p>

Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN	425. fundur skólanefndar VMA	
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 4		

	Skólinn mun bjóða upp á sálfræðiþjónustu fyrir nemendur á vorönn en til þess fékkst styrkur frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Gerður hefur verið samningur við Sálfræðiþjónustu Norðurlands um framkvæmdina en sálfræðingur verður með viðveru þrjá daga í viku. Helstu verkefni hans verða: fræðsla til nýnema, fræðsla um hugræn atferlismeðferð, fræðsla fyrir starfsfólk og foreldra og handleiðsla til umsjónarkennara, námsráðgjafa og stjórnenda.
8.	<p>Önnur mál</p> <p>a) Hvað er spurnið í opinbera vefi? Úttekt á opinberum vefjum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga fór fram haustið 2017. 300 opinberir vefir voru teknir út og náði úttektin yfir innihald, nytsemi, aðgengi, þjónustu, lýðræðislega þátttöku og öryggi. VMA hlaut 88 stig (meðaltal ríkisstofnanna 78) og er í 2.-3. sæti yfir framhaldsskóla. Skólinn fékk 100 stig fyrir nytsemi og engir veikleikar komu fram varðandi öryggi. Skólanefnd lýsir ánægju sinni með vönduð vinnubrögð skólans.</p> <p>b) Fundargerðir kennarafunda í nóvember og desember voru lagðar fram til kynningar.</p>


Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Fundargerð ritaði: Anna María Jónsdóttir

dags. 19.12.2017

*Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):
Fundargerðir skólanefndarfunda eru vistaðar á stjórnendadrifi (skólanefnd) og undirritað eintak geymt í möppu á skrifstofu aðstoðarskólameistara. Fundargerð er borin upp til samþykktar á næsta skólanefndarfundi og undirrita fulltrúar í skólanefnd fundargerðina. Dagskrá fundar er undirrituð í fundargerðabók sem geymd er á skrifstofu skólameistara. Undirrituð fundargerð er birt á heimasíðu skólans.*

Fylgiskjöl: Minnisblað um

Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN	425. fundur skólanefndar VMA	
Samþykkt: HJS		
Síða 4 af 4		

Undirskrift fundarmanna

Karl Frímannsson

Kristín Halldórsdóttir

Axel Grettisson

Reynir B. Eiríksson